

LYKILUPPLÝSINGAR UM ÁTÖKIN Í ÚKRAÍNU

Við verðum vitni að ört vaxandi mannúðarhörmungum í Úkraínu. Hörð átök hafa verið í austurhluta Úkraínu, margar borgir hafa orðið illa úti eftir harða bardaga og dæmi eru um að borgir og svæði hafa verið umsetinn svo vikum og mánuðum saman. Innviðir á borð við heilbrigðisstofnanir og samgöngumannvirki hafa verið skotmörk og almennir borgarar hafa þjást og um fimmtán milljónir íbúa Úkraínu hafa neyðst til að flýja heimili sín, þar af tæplega sex milljónir sem hafa flúið land.

Skelfingu lostin börn og fullorðnir leita skjóls í kjöllurum og neðanjarðarbyrgjum af ótta við loftárásir. Þúsundir hafa leitað sér skjóls í neðanjarðarlestarstöðvum. Fjölskyldur leggja á flótta og skilja allt sitt eftir.

Ástandið er mjög óstöðugt og fólk örvæntingarfullt. Átök eru á götum úti og óttinn er áþreifanlegur. Fjölmargir íbúar hafa ekki aðgang að vatni, rafmagni og mjög takmarkaðan internet- og símaaðgang. Fólk nær ekki sambandi við ástvina sína og hafa miklar áhyggjur af afdrifum fjölskyldu og vana.

Afleiðingar átakanna verða sífellt meiri fyrir íbúa Úkraínu. Viðkvæmustu hóparnir eru þeir sem eru í mestu áhættu: fatlað fólk, sjúklingar og slasaðir sem eru skyldir eftir án aðstoðar og aðgang að vatni og mat. Margir íbúar upplifa kvíða og mikla depurð vegna átakanna og þurfa sálrænan stuðning. Sífellt fleiri óska og eru í þörf fyrir neyðaraðstoð og reynir Rauði krossinn að koma til móts við þarfir þeirra.

Þegar hafa óbreyttir borgarar fallið í þessum átökum og óttast er að tala látinna eigi eftir að aukast næstu daga og vikur. Mikil þörf er fyrir mannúðar- og læknaaðstoð fyrir almenna borgara. Rauði krossinn dreifir vatni og matarpökkum til almennings og sinnir lækniþjónustu við íbúa.

Meira en fimm milljónir hafa flúið landið vegna átakanna, flestir hafa flúið til Póllands. Konur og börn leggja á sig langt ferðalag fótgangandi að landamærunum þar sem Rauði krossinn tekur á móti fólki með mat, vatni og leikföngum fyrir börn til að dreifa huga þeirra frá átökunum um stund.

Rauði krossinn starfar dag og nótt í Úkraínu og í nágrennalöndunum. Við verðum áfram á vettvangi svo lengi sem okkar er þörf til að veita læknaaðstoð, sálrænan stuðning og hjálpargögn fyrir sjúkrahús og heilsugæslustöðvar auk matar, fatnaðar, húsaskjóls og neyðarfjárhagsaðstoð fyrir þau sem skyldu allt sitt eftir.

Eftir því sem átökin dragast á langinn aukast þarfir íbúa fyrir aðstoð. Rauði krossinn þarf þinn stuðning til að geta veitt íbúum Úkraínu lífsbjargandi mannúðaraðstoð.



Helstu verkefni Rauða krossins í Úkraínu

Veita lífsbjargandi mannúðaraðstoð fyrir fórnarlömb átakanna í Úkraínu og nágretta löndum.

Helstu verkefni Rauða krossins er að:

- Dreifa matarpökkum, vatni og hreinlætisvörum.
- Húsaskjól og vernd.
- Aðstoða fólk við að komast burtu frá umsetnum borgum og átakasvæðum til annarra svæða innan Úkraínu.
- Veita slösuðum og særðum fyrstu hjálp.
- Neyðarfjárstuðning við flóttafólk.
- Útvega sjúkrahúsum og heilsugæslum nauðsynleg lækningatæki og lyf.
- Viðgerðir á innviðum eins og vatnslögnum og dælum.